

Skálholt

Rannsóknir á bæjarstæði 1983 – 1988

Guðmundur Ólafsson



1

Skálholt

Rannsóknir á bæjarstæði 1983 - 1988.

Guðmundur Ólafsson



Forsíðumynd: Mynd Auguste Mayer af Skálholtsbænum frá 1836. Horft til suðurs af Kirkjustétt sem er fremst á myndinni. Miðað við uppdrátt frá 1784 er sennilega hús og skemma (nr. 30 og 21) til vinstri, gamalt prenthús (nr 59) til hægri. Ekki er alveg öruggt hvaða hús er fyrir miðri mynd, en líklega hýsir það spuna- garn- og vefarahús (nr. 25, 26 og 27).

© 2002 Guðmundur Ólafsson/Þjóðminjasafn Íslands
Öll réttindi áskilin
ISSN 1560-8050

Prentun/umbrot: Gutenberg

Efnisyfirlit

Inngangur	5
Skálholt I (Rannsókn 1983:2)	5
Vettvangsrannsókn 1983	6
Niðurstöður	8
Skálholt II (Rannsókn 1984:1)	8
Vettvangsrannsókn 1984	9
Skálholtsbærinn 1836	12
Niðurstöður	13
Skálholt III (Rannsókn 1985:2)	13
Vettvangsrannsókn 1985	13
Teikningar:	14
Aldursgreining	15
Niðurstöður	15
Skálholt IV (Rannsókn 1986:4)	16
Vettvangsrannsókn 1986	16
Teikningar:	16
Skálholt V (Rannsókn 1988:6)	18
Vettvangsrannsókn 1988	18
Teikningar:	18
Fundir	21
Niðurstöður	21
Heimildir	22
Stórar myndir.	24 – 43
Mynd 21. Skálholt. Uppdráttur Auguste Mayers frá 1874.	
Mynd 22. Skálholt. Uppdráttur frá 1874.	
Mynd 23. Kort af Skálholti 1836.	
Mynd 24. Yfirlitsuppdráttur af bæjarstæði og könnunarskurðum 1983 – 1988.	
Mynd 25. Sami, með grunnmynd bæjarins 1784.	
Mynd 26. Sami, með grunnmynd bæjarins 1836.	
Mynd 27. Flatar- og sniðteikning T-1983:1-2.	
Mynd 28. Flatar- og sniðteikning yfir smiðju T-1985:2-7.	
Mynd 29. Sniðteikning T-1985:8.	
Mynd 30. Flatar- og sniðteikning af T-1986:1, 2, 3 og 5.	

Skálholt

Fornleifarannsóknir á bæjarstæði 1983 – 1988

Inngangur

Ef frá er skilið sumarið 1987, fóru fram fornleifarannsóknir, á árunum 1983 – 1988 á hinu gamla bæjarstæði Skálholtsstaðar. Þær fólust í því að grafnir voru könnunarskurðir á völdum stöðum til þess að kanna hvar mannvirkja væri að vænta og hvort hægt væri að nota gamlar teikningar og uppdrætti af staðnum til þess að staðsetja einstök bæjarhús á bæjarstæðinu. Til grundvallar var stuðst við vel þekktu uppdrætti sem sýna húsaskipan árið 1784, sama ár og bærinn hrundi til grunna í miklum jarðskjálfta, sjá myndir nr. 21 og 22.

Annað markmið var einnig að kanna hvort eitt-hvað væri eftir af bænum undir yfirborði, sem sléttað hafði verið yfir með jarðýtu á 6. áratug 20. aldar. Þá var rætt um að ef niðurstöður rannsóknanna gæfu tilefni til, mætti nýta þær til þess að hlaða lága veggi á yfirborði jarðar, sem sýndu legu 18. aldar bæjarins samkvæmt áður nefndum teikningum og niðurstöðum fornleifarannsóknanna.

Þjóðminjasafnið annaðist rannsóknirnar sem unnar voru fyrir Skálholtsstað sem greiddi kostnað við verkið.

Helstu hvatamenn að rannsóknunum voru líklega Sigurbjörn Einarsson biskup og Þór Magnússon þjóðminjavörður. Þór reyndi m.a. að vekja áhuga annarra þjóðminjavarða Norðurlanda á að hrinda af stað umfangsmikilli samnorrænni fornleifarannsókn á bæjarstæðinu í Skálholti, sem gæti orðið framhald af rannsókninni sem gerð var undir kirkjunni á árunum 1952 – 1958 undir stjórn Kristjáns Eldjárns þjóðminjavarðar. Guðmundur Ólafsson stjórnaði rannsókninni öll árin. Með honum störfuðu, um lengri eða skemmri tíma, Adolf Friðriksson, Jens Pétur Jóhannsson, Kevin P. Smith, Logi Sigmundsson, Martin Ringmar, Unnur Dís Skaptadóttir og Þorkell Grímsson.

Rannsóknarskýrslum viðkomandi ára er hér slegið saman í eina skýrslu, en þær eru látnar halda halda sínum rannsóknarnúmerum innan hvers árs.

Skýrsla þessi er hluti af framlagi Þjóðminjasafns í samstarfsverkefni Fornleifastofnunar og Þjóðminjasafns um umfangsmiklar rannsóknir á bæjarstæði Skálholts sem kostaðar eru af styrk úr Kristnihátíðarsjóði og gert er ráð fyrir að muni standa yfir frá 2002 – 2006.

Rannsóknarlýsingar byggjast að mestu á dagbókararfærslum Guðmundar og lýsingum á flatar- og sniðteikningum sem gerðar voru á vettvangi. Við gerð skýrslunnar voru allar teikningar endurskýrðar og gefið númer í samræmi við númerakerfi Sarps. Hver teikning fær þannig hlaupandi númer innan viðkomandi rannsóknarárs. Ef fleiri en eitt rannsóknarsvæði er á sömu teikningu, er hverju svæði gefið undirnúmer, t.d. T-1984:1.1.

Skálholt I (Rannsókn 1983:2)

Guðmundur Ólafsson hóf undirbúningsrannsókn í Skálholti dagana 2. – 3. júlí og 16. og 17. júlí. Markmið þessarar fyrstu forkönnunar var að reyna að finna og hreinsa upp Vesturtraðirnar sem lágu frá bæjarhólnum til vesturs, kanna gerð þeirra og hvort þær væru hellulagðar.

Talið var að traðirnar væru þar sem um 8 m breið niðurgráfin rás liggur ofan frá hólnum suðvestan við kirkjuna í vestur, fram hjá Kyndluhóli, og niður að framræsluskurði. Rásin var öll í órækt og yfirvaxin af af njóla og öðrum gróðri. Norðurhlið rásarinnar afmarkast af fallega hlöðnum grjóttvegg, sem talinn var vera traðarveggur og til stóð að reyna að finna syðri hliðina sem átti að vera á móti, svo að hægt væri að endurhlaða hana um leið og traðirnar væru hreinsaðar upp. Austast virðist hafa verið fyllt upp í rásina og lokast hún þar með einfaldri steinaröð.



Mynd 1. Uppdráttur Victors Lottin, sem gerður er eftir handriti frá Steingrími Jónssyni biskupi, af bæjarhúsum í Skálholti frá 1784. Mest var stuðst við þennan uppdrátt þegar verið var að reyna að staðsetja einstök mannvirki á yfirborði og í könnunarskurðum. Sjá einnig mynd 21.

um. Neðst í laginu eykst fjöldi beinaleifa.

- Lag 7. Járnútfelling
- Lag 8. Grábrúnt sandblendió leir. Viðarkolaagnir eru neðarlega í laginu.
- Lag 9. Steinn.
- Lag 10. Mannvistarlag. Í norðurhluta lagsins er nokkuð um beinaleifar en syðri hlutinn er blandaður torfmoldum.
- Lag 11. Viðarkolaagnir.
- Lag 12. Viðarkolaagnir.
- Lag 13. Grábrúnn sandblandinn leir. E.t.v. sama og lag 8.
- Lag 14. Grábrúnn sandblandinn leir. E.t.v. sama og lag 8.
- Lag 15. Grátt mannvistarlag, blandað beinum og viðarkolaögnum. E.t.v. sama og lag 6.
- Lag 16. Syðsti hluti grjóthleðslu sem lokar tröðunum til austurs.
- Lag 17. Ógrafið.

Vettvangsrannsókn 1983

Grafinn var 8 m langur og allt að 1 m breiður þverskurður yfir svæðið þar sem talið var að Vesturtraðirnar hafi verið og hann teiknaður bæði í fleti og sniði (T-1983:1-2).

T-1983:1-2


Flatar- og sniðteikning af könnunarskurði sem var tekinn 1 – 2 m vestan við þverhleðslu sem lokar rásinni til austurs, frá hnitunum X237/Y467 - X229/Y470.

Norðurveggurinn (1) reyndist vera hlaðinn ofan á þétt grábrúnt mannvistarlag (6), sem var blandað bæði brenndum og óbrenndum beinum. Í þessu lagi var mikið af járnútfellingum sem lituðu líka beinin. Járnútfellingar afmörkuðu þetta lag bæði að ofan (3, 5) og neðan (7).

Ofan á þessu mannvistarlagi var brúnt 20 – 40 cm þykkt moldarlag (2). Í því fannst ýmislegt smádót, svo sem glerbrot, naglar, o. fl. Þess hátt-

- Lag 1. Veggjarhleðsla úr grjóti, um 1 m há.
- Lag 2. Brún mold og ofaníbúrdur. Í nyrðri hluta lagsins eru þunnar steinflögur dreifðar um lagið.
- Lag 3. Járnútfelling. E.t.v. sama og lag 5.
- Lag 4. Viðarkolaagnir.
- Lag 5. Járnútfelling. E.t.v. sama og lag 3.
- Lag 6. Mannvistarlag. Brúnt að lit, blandað beinum, viðarkolaögnum og viðarleif-

Mynd 2. Flatar- og sniðteikning 1983:1–2, yfir ætlaðar Vesturtraðir. Sjá einnig mynd 27.





Mynd 3. Horft til norðurs yfir snið T-1983-2 í upphafi rannsóknar (GOL-904401).

ar. Einnig var í laginu dálítið af þunnum steinflísnum sem voru um 10 – 20 cm í þvermál. Hugsanlega hafa þær verið lagðar sem stiklur í forina, þar sem jarðveggurinn er mjög blautur þarna.

Undir mannvistarlaginu, um 2 m frá norðurveggnum og á um 50 cm dýpi var grátt leirkennt illþefjandi mannvistarlag (8). Á 60 cm dýpi var dálítið lag af viðarkolaögnum.

Er skurðurinn var breikkaður til suðurs kom í ljós að suðurvegginn vantaði. Við 8 metra voru tvær steinaraðir þar sem þverveggurinn endar (16). Þverveggurinn sem lokar skurðinum virðist vera yngri en norðurveggurinn.

Undir brúna uppfyllingarlaginu var óslitið rauðbrúnt moldarlag (10) sem virðist vera blandað torfusneplum, en einnig beinum og fleira rusli. Þar undir var gráleitt mannvistarlag (14) sem líktist gólfi, en er líklega sama gráleita mannvistarlag og lag 8 og 13. Á um 70 cm dýpi á 7,6 metrum í sniði var 6 cm þykkt grátt gólflag, blandað viðarkolum og brenndum beinum (15).

Þó að erfitt væri að segja til um af ofangreindum þverskurði, hvort mannvistarlögin séu í raun gölflög, eða sorplög, var talið að markmið rann-


sóknar hefði náðst, og var ekki talin ástæða til þess að grafa þarna meira að sinni.

Jarð- og mannvistarlögin í sniðinu benda ekki til þess að þarna hafi verið Vesturtraðir, heldur að norðurveggurinn sé túngarður, sem sé varla eldri en 100 – 200 ára gamall.

Til að bæta ástand svæðisins, sem þakið var háu grasi og njóla, svo að hægt sé að nota það til úti-vistar og gönguferða var mælt með að hreinsa norðurvegginn af gróðri, slétta botninn í skurðinum þannig að veggurinn standi um 60 cm upp úr honum. Einnig var lagt til að jafna úr moldarhrúgum við suðurhliðina svo hægt væri að koma að vésláttuorfum til að halda svæðinu hreinu. Slíkar aðgerðir voru taldar skaðlausar minjunum sem eru undir yfirborði.

Í samræmi við þessar tillögur var bæjarstæðið hreinsað og versta óræktin slegin með orfi og ljá í lok rannsóknar. Einnig var hluti gamla bæjarhólsins hreinsaður og og hleðslur lagfærðar við gömlu traðirnar (Austurtraðir), þar sem þær eru sunnan við gömlu bæjarhúsin.

Við rannsóknina var tekin 21 svarthvít mynd af svæðinu. (filma GOL-9044).



Mynd 4. Flátareskning 1984:1 af uppgrafsarsvæðum sunnan og vestan við undirganginn.

Niðurstöður

Í sniði T-83:1-2 sem grafið var þar sem talið var að gömlu traðirnar hefðu legið niður að Kyndluhóli, kom í ljós að garðar sem afmörkuðu svæðið voru yngri en talið hafði verið.

Norðurveggurinn reyndist vera hlaðinn ofan á þétt grábrúnt mannvistarlag, sem var blandað bæði brenndum og óbrenndum beinum. Í þessu lagi var mikið af járnútfellingum sem lituðu líka beinin. Járnútfellingar afmörkuðu þetta lag bæði að ofan og neðan.

Ofan á þessu mannvistarlagi var brúnt 20 – 40 cm þykkt moldarlag. Í því fannst ýmislegt smá-dót, svo sem glerbrot, naglar, o. fl. þess háttar. Einnig var í laginu dálítið af þunnum steinflísnum sem voru um 10 - 20 cm í þvermál. Sennilega hafa þær verið lagðar sem stiklur í forina, þar sem jarðvegurinn er mjög blautur þarna. Þetta lag virðist ekki vera mjög gamalt, og er líklega að hluta jarðvegur sem rutt hefur verið þarna niður ofar af bæjarhólnum.

Niðurstaða rannsóknarinnar er sú að grjóttvegg-

urinn sé hlaðinn ofan á gamalt yfirborðslag, e.t.v. öskuhaugslag og að þarna sé ekki um vesturtraðir að ræða, heldur yngri vegarslóða, sem sé hugsanlega ekki eldri en frá um 1900. Torfmoldir og sorpleifar benda til þess að hús eða annað mannvirki hafi staðið rétt hjá suðausturhluta sniðsins.

Skálholt II (Rannsókn 1984:1)

Markmið rannsókna þessa sumars var að reyna að staðsetja bæjargöng gamla bæjarins og tengingu þeirra við undirgöngin úr kirkjunni. Einnig átti að kanna hvar gamla biskupssetrið hafði verið staðsett og reyna að meta áreiðanleika teikninganna af bænum frá 1784 með því að lesa saman við uppdráttinn þær minjar sem kæmu í ljós við fornleifarannsóknina, eins og hægt væri. Í þessu skyni voru grafnir nokkrir könnunarskurðir fyrir framan undirgöngin og þverskurðir í túninu nokkru sunnar.



Mynd 5. Horft til norðausturs yfir svæði T-1984:1.1, fyrir sunnan undirganginn og hluta af 1.2 ofarlega til vinstri (GOL-910512).

Vettvangsrannsókn 1984

Unnið var við rannsóknina frá 1. – 6. júní. Starfsmenn voru Guðmundur Ólafsson, Logi Sigmundsson, Martin Ringmar og Jens Pétur Jóhannsson.

Byrjað var á því að kanna og bera saman gamla uppdrætti, ljósmyndir og teikningar við núverandi staðhætti í Skálholti. Hörður Ágústsson og Sigurbjörn Einarsson biskup tóku þátt í þessum samanburði. Reyndist mun auðveldara að átta sig á umhverfi og legu margra hinna gömlu rústa út frá uppdrættinum en talið hafði verið mögulegt.

Lagt var út með málbandi, staðbundið hnitakerfi sem tók mið af áttum. X hnit voru látin hækka til norðurs og Y hnit hækka til austurs. Grunn-

punktur, sem grunnlínur voru mældar út frá, var settur í neðst í hornið þar sem Hlaðgarður og Vefarahús mætast (nr. 28 og 27 á uppdrættinum frá 1784) og honum gefin hnitin X200/Y500, sbr. mynd 21 og 24.

Mældar voru nokkrar fjarlægðir og lagðar út línur, en þær pössuðu illa við uppdráttinn frá 1784, sem farið var eftir. Varð ljóst að ekki er hægt að treysta gagnrýnislaust, fjarlægðum og áttum á uppdrættinum. Var talið nauðsynlegt að finna einhverja fasta punkta til að fara eftir og voru grafnar fjórir kónunarskurðir í því augnamiði. Einn þar sem suðurlanghlið bæjarins átti að vera og þrjár skurðir sem grafnir voru yfir löngugöng. Sá neðsti sýndi hrundar grjóthleðslur, þar sem göngin áttu að vera, og torfvegg austan megin og grjóthleðslu vestan megin. Í miðskurðinum var mest laus mold og umrótaður jarðvegur. Á 80 – 100 cm dýpi var komið niður á óhreyfðan jarðveg.

T-1984:1

Á teikningu 1984:1 eru flatarteikningar af 4 prufuholum sem grafnar voru efst á bæjarstæðinu í framhaldi af undirgangi, til að finna tenginguna við bæinn og að stað-

setja bæjargöngin til suðurs. Uppgraftarsvæðin voru mæld upp og teiknuð í mælikvarða 1:50.


T-1984:1.1

Uppgraftarsvæðið er óreglulegt, um 5 m² að flatarmáli, sunnan við undirganginn. Þar kom í ljós allmikið grjóthróngl rétt undir yfirborði í norðausturhorni svæðisins. Þarna virðist mega greina hluta af hleðslu sem liggur frá N – S og aðra í vesturhluta svæðisins sem liggur í A – V.

T-1984:1.2

Skurður sem grafinn var vestan við undirganginn, allt að 4 m langur og 1 m breiður.

Syðst í skurðinum var um 2,6 m löng grjóthleðsla sem lá frá A – V. Norðvestan við hana



Mynd 6. Flatarteikning sem sýnir hleðslur í skurðum 1984:2.1 og 2.2, sbr. mynd 24.

voru flatar hellur sem virtust vera úr gólfi. Austast endar hún í horni og mætir þar grjóttvegg sem liggur til norðurs. Henni var fylgt tæpa 2 m til norðurs þar sem hún virtist enda. Hugsanlega er þarna fundinn útveggur hússins að norðanverðu og tenging hans við undirganginn.

T-1984:1.3

Óreglulega grafinn skurður vestan við T-1984:1.1 og 1.2, allt að 3,5 m langur og 3 m breiður. Austast í skurðinum er grjóthleðsla sem liggur frá N – S. Nyrsti hluti hennar sveigir nokkuð til austurs. Fyrir miðju gengur önnur grjóthleðsla frá henni til vesturs. Sunnan við hana er torfhleðsla.

T-1984:1.4

Nyrsti skurðurinn sem grafinn var til að leita að

bæjargöngunum (T-1984:1.4) er L laga. Nyrst og vestast í N-S leggnum voru stórar flatar hellur um 10 cm undir grasrót og virtust ekki tilheyrja gömlu mannvirki. Þarna fannst stór lykill. Eldri hleðsla virtist liggja í austur-vestur eftir skurðinum.

Austast í A-V leggnum var torfveggur og grjóthleðsla á um 50 cm dýpi vestan hans. Krítarpípabrot var neðarlega hjá henni.

T-1984:2

Flatarteikning af tveimur skurðum (T-1984:2.1 og T-1984:2.2) sem grafnir voru þvert yfir svæði þar sem líklegt var talið að bæjargöngin væru undir.

T-1984:2.1

Könnunarskurður um 4 m langur og 1 m breiður. Austast í skurðinum kom í ljós hleðsla úr grjóti, sem lá frá N – S. Þetta eru 2 steinaraðir sem eru frá 10 cm undir yfirborði niður á 70 cm



Mynd 7. Horft til vesturs yfir skurð T-1984:2.1 (GOL-910518).

dýpi. Þessi hleðsla gæti tilheyrt austari vegg bæjarganga.

Vestan við þessa hleðslu voru flatar hellur á 40 – 45 cm dýpi. Þær eru líklega í gólfi. Þeningur frá 1711, danskur tollskildingur og nokkur krítarpípubrot, fundust í moldum ofan á hellunum, sem voru blandaðar viðarkolaögnum og brenndum beinum. Á gólfinu á ca 40 cm dýpi fannst pottfótur úr járni. E.t.v. eru þessar hellur í bæjargöngum. Vestan við áður nefnda hleðslu og sunnan við gólfhellurnar lá önnur grjóthlaðin hleðsla í skurðinum frá austri til vesturs.

T-1984:2.2

Óreglulega lagaður skurður, um 4,5 m langur og allt að 1,7 m breiður var grafinn yfir ætluð bæjargöng um 8 m sunnan við T-1984:2.1.


Greinileg grjóthleðsla kom í ljós á 10 – 40 cm dýpi. Hún lá í A – V, nánast eftir endilöngum skurðinum, og virðist vera innbrún á vegg. Sunnan við hana er torfhleðsla. Norðan við grjóthleðsluna eru flatar hellur á um 40 cm dýpi og hafa líklega verið í gólfi. Þarna eru líka steinar sem gætu verið hrun úr vegg. Skurðurinn hefur líklega lent vestan við bæjargöngin og gólfhellurnar geta verið hluti af herbergi vestan ganganna.

T-1984:3

Tveggja metra langur skurður sem grafinn var þar sem suðurlanghlið bæjarins átti að vera. Þar fannst grjóthleðsla á um 60 – 80 cm dýpi, sem gæti átt við suðurhliðina. Ekki er, án frekari rannsóknar, unnt að segja til um hvaða mannvirki þessi hleðsla hefur tilheyrt.



Mynd 8. Horft til austurs yfir hleðslur í skurði 1984:2.2 (GOL-910519).




Mynd 9. Hluti af teikningu eftir Victor Lottin sem sýnir grunnmynd af bæjarhúsum frá 1836. Bærinn virðist hafa verið settur ofan í tóftir syðsta hluta gamla bæjarins niðri við Austurtraðirnar. Sjá líka mynd 23.

Skálholtsbærinn 1836

Við samanburð á staðháttum, minjum sem fundust og gömlum teikningum virðist ljóst að 19. aldar bærinn sem hefur staðið neðst við Austurtraðirnar og að hleðslur hans virðast falla að sumu leyti ofan í skemmu (nr. 21) og búr (nr. 29) sem þar stóðu 1784.

Samkvæmt hnitakerfi sem lagt var út og samanburði við upp-

Mynd 10. Grunnmynd bæjarins 1836, sett niður á yfirlitskort af svæðinu við traðirnar þar sem líklegast virðist að hann hafi staðið. Sjá líka mynd 26.



drátt sem gerður var af öllu svæðinu virðist hnitapunkturinn X200/Y500 vera í horninu þar sem mætast skemmur og ullargeymslur sem sýndar eru fyrir framan bæinn á uppdrætti frá 1836.

Niðurstöður

Hvar sem grafið var niður fundust hleðslur og við samanburð á uppdrættinum frá 1874 virtist sem fremur auðvelt væri að staðsetja ákveðna veggj sem sýndir voru á teikningunni. Grjót-hleðslur sem fundust efst á hólnum voru túlkaðar sem útveggir bæjarins til norðurs, og leifar af grjóthleðslum sem lágu niður hólinn virtust geta átt við bæjargöngin og herbergi vestan þeirra. Lega þeirra benti til þess að bærinn hefði snúið meira í SV – NA en gömlu uppdrættirnir sýndu. Afstöðumælingar leiddu einnig í ljós að 19. aldar bærinn virðist hafa staðið niðri við Austurtraðirnar en ekki efst á bæjarhólnum eins og talið var (sbr. myndir 9 og 10).


Í framhaldi af rannsókninni var rætt um að rétt væri að stefna að uppgreftri á bæjarstæðinu áður en útlínur bæjarins væru gerðar sýnilegar á yfirborði. Þau áform reyndust hins vegar ekki vera tímabær.

Skálholt III (Rannsókn 1985:2)

Vettvangsrannsókn 1985

Könnunarrannsóknnum haldið áfram og var markmið rannsóknar þetta sumar að reyna að staðsetja smiðutóft sem er nr. 49 á uppdrættinum frá 1784, sunnan við Kyndluhól. Á yfirborði mátti greinar óljósar útlínur tóftar, þar sem smiðjan átti að vera. Rannsókn stóð yfir frá 28.5. – 7.6. Stjórnandi rannsóknar var Guðmundur Ólafsson og aðstoðarmenn voru Þorkell Grímsson og Adolf Friðriksson.

Lögð var út grunnlína samsíða túngarði, yfir fyrirhugað rannsóknarsvæði og mælt fyrir sniði. Notað var staðbundið hnitakerfi yfir smiðju-svæðið og hreinsað ofan af norðvesturhorni þess. Strax undir yfirborði kom í ljós dökkt sót- og viðarkolablandað lag með gjalli og ýmsu smádóti í. Það gæti vel tilheyrt smiðju, en er lausara í sér en við mátti búast af gólfskán. Ekki var hægt að greina eiginlega gólfskán þar sem hennar var að vænta. Í þessu lagi voru nokkrir



Mynd 11. Skissa (T-1985:1) af rannsóknarsvæði og útlínur smiðjutóftar, eins og hún sást á yfirborði. Efst er skissa af þversniði yfir smiðjuna. Þar má greina dökka gólfskán og malarlag sem gæti verið uppmokstur í veggjahleðslu.

naglar, glerbrot, postulínsbrot, eirbrot og gjallmolar. Undir dökka laginu virðast vera torfmoldir að því er virðist, mjög blandaðar. E.t.v. leifar af hleðslu. Nokkrir steinar á stangli komu í ljós þar sem vænta mátti veggjar, en ekki var um eiginlega hleðslu að ræða. Nær miðju voru sums staðar litlar, þunnar steinflögur sem gætu hafa verið í gólfi.

Grafin voru þversnið a-b og b-c (Sjá teikningu T-1985:7-8 á myndum 28 og 29) í suðausturhluta ætlaðrar smiðjutóftar frá miðju að garðhleðslunni. Ekki kom þar nein greinileg gólfskán í ljós og engin torfhleðsla var sýnileg í túngarðinum,

sem þarna virtist vera gerður af dökkri mold. Allmargir klumpar af botngjalli fundist á við og dreif um svæðið. Þetta er ótvíræður vitnisburður um að þarna hafi farið fram all umfangsmikil járnvinnsla.

Svæðið var teiknað í mælikvarða 1:20 og allir steinar hæðarmældir (Mynd 28 af T-1985:2–6, aftast í skýrslu). Hæðarpunktur var valinn á stórum steini við op í túngarðinum (X201/Y428) og honum gefin hæðin 100.

Efsta grjótið var fjarlæggt og næsta steinalag hreinsað fram. Þá kom fram hleðslugrjót sem benti til þess að rústin gæti hugsanlega verið norðan við grjóthleðsluna sem við höfðum verið að fylgja, og að sniðin (langsniðið á skissu T-1985:1) hefði lent sunnan við smiðjuna.

Rist var ofan af tveimur nýjum svæðum, vestan og ofan við hin fyrri. Þar var þykkt söttag og í því var mikið af gjalli, eins og annars staðar á þessu smiðjusræði. Þrátt fyrir að svæðið var stækkað, tókst samt ekki að greina óyggjandi merki um, gólf, útlínur eða veggi smiðjurústarinnar, sem þarna átti að vera.

Langi grjótgarðurinn sem fannst heldur áfram austur og upp brekkuna. E.t.v. er þetta gamli túngarðurinn.

Nýr könnunarskurður var grafinn ofar í brekkunni. Þar kom í ljós aðeins öðruvísi jarðlagaskipan en áður hefur fundist. Nyrst í skurðinum er hleðsla með stórum steinum. Smiðjulagið liggur upp að steinum. Moldarhryggur er litlu sunnar. Undir því er þétt svart lag sem líkist gólflagi. (Sjá mynd 11, skissa af þversniði efst á T-1985:1). Þetta er líklega annað hvort smiðjugólfið eða traðirnar fyrir utan hana.

Steinar í neðsta hluta veggjarins voru teiknaðir og fjarlægðir. Allt lausagrjót í efri lögum var fjarlæggt og neðsta steinaröðin í túngarðinum hreinsuð fram. Hún var óröskuð á sínum stað. Við neðsta hluta veggjarins virtist vera um 20 cm breið og um 10 cm djúp rás. Hún var full af viðarkolum og sóti. Þar í voru líka klumpar af botngjalli upp við vegginn. Einnig kom í ljós að inni í veggnum voru stórir klumpar af botngjalli, sem notaðir höfðu verið í botnhleðslu veggjarins. Gjall og viðarkolaleifar benda til þess að smiðjan sé á þessu svæði, en ekki reyndist unnt að staðsetja hana svo óyggjandi sé. Hún er hugsanlega ofar á svæðinu.

Garðurinn var hlaðinn upp að nýju á þeim köflum sem rannsakaðir höfðu verið.

Teikningar

Auk lauslegrar skissu af smiðjutóftinni á yfirborði, voru teiknuð 2 snið og gerð yfirborðsteikning af uppgraftarsvæðinu á nokkrum blöðum af rústunum í mælikvarða 1:20. Nær allar hleðslur og steinar voru teiknuði og útlínur uppgraftrar, en vegna rigningar reyndist ógerlegt að ljúka við flatarteikningar af smiðjusræðinu.

T-1985-1

Skissa af smiðjutóft eins og hún var skilgreind á yfirborði fyrir rannsókn. Túngarðurinn er til hægri. Grunnlína var lögð eftir endilangri tóftinni og þversnið yfir hana miðja.

Efst er skissa af þversniði sem tekið var ofarlega á svæðinu og sýnir hugsanlega gólfskán á milli veggjar og malarlags.

T-1985:2 – 6 og 8

Samsett flatarteikning af uppgraftarsvæði við smiðju sunnan við Kyndluhól og sniðteikning. Sjá mynd 28.

Túngarður er lengst til hægri. Til hægri við grunnlínu er rúmlega 7 m löng grjóthleðsla. Hún sýnir e.t.v. innbrún smiðjutóftar. Norðan við veggjarhleðsluna var rás full af viðarkolum og sóti. Víða á svæðinu, einkum austast, voru þunnar hellur og steinar sem hefðu getað legið í gólfi, en ekki reyndist unnt að greina eiginlega gólfskán þó að jarðvegurinn væri litadur svartur af sóti og viðarkolaögnum. Fjöldi gjallklumpa, sem myndast hafa sem botngjall þegar verið er að búa til járn úr mýrarrauða, fannst á svæðinu. Sumir höfðu verið lagðir í vegginn þegar hann var hlaðinn, sem bendir til þess að járnvinnsla sé eldri þarna en veggurinn. Gjallklumpar eru merktir með stjörnu á teikningunni.

T-1985-7

Þversnið a – b norður frá Kyndluhóli lengst til vinstri til suðurs yfir ætlaða smiðju og túngarð lengst til hægri (sjá mynd 29).

Lag 1. Dökkbrún mold, blönduð sóti og viðarkolaögnum.

Lag 2. Mól.

Lag 3. Umrótuð mold. E.t.v. hrun eða seinni tíma umrót.

Lag 4. Torfmoldir.


Lag 5. Grjóthleðsla. E.t.v. smiðjuveggur.

Lag 6. Rás eða renna full af viðarkolum.

Lag 7. Mannvistarlag. E.t.v. gólfskán?

Lag 8. Gráleitt mannvistarlag. E.t.v. öskuhaugur. Blandað brenndum beinum og viðarkolaögnum.

Lag 9. Mýrarrag með viðarlurkum og og mosa.



Mynd 12. Graf sem sýnir leiðréttu niðurstöðu geislakolsaldursgreiningar á viðarkolamola af smiðjusvæðinu.

Lag 10. Mannvistarlag. E.t.v. sama lag og nr. 8.

Lag 11. Ógrafið.

Lag 6. Steinn í hleðslu. E.t.v. innbrún á vegg.

Lag 7. Mannvistarlag.

Lag 7. Ógrafið.

Sniðið bendir til þess að túngarðurinn sem þarna sést á yfirborði, sé ekki gamall. Torfmoldirnar í lagi 4 benda til þess að hann hafi áður staðið nokkru norðar, e.t.v. þar sem grjóthleðslan nr. 5 er, sem gæti jafnframt verið innbrún suðurhliðar smiðjunnar. Lausu moldirnar í lagi 3 benda til að þar hafi verið grafið áður ofan í svæðið, e.t.v. í leit að smiðjunni. Alllangt virðist síðan þetta umrót var. Sót, viðarkol og gjall í efstu jarðlögunum benda eindregið til þess að á þessu svæði hafi verið nokkur járnvinnsla. Ekki var hægt að greina norðurvegg að smiðjunni í sniðinu, nema malarlagið (nr. 2) sé uppmokstur og eins konar undirstaða fyrir vegg.

Gráleita mannvistarlagið í botni sniðsins er allt að 70 cm þykkt. Hugsanlega eru það leifar gamals öskuhaugs sem hefur verið dreifður um allan vesturhluta bæjarhólsins.

T-1985:8

Þversnið b – c yfir smiðjusvæði. Jarðlagaskipan er svipuð og í sniði T-1985:7 en aðeins einfaldari (sjá mynd 28).

Lag 1. Dökkbrún mold, blönduð sóti og viðarkolum.

Lag 2. Mól. Hugsanlega uppmokstur í vegg.

Lag 3. Umrótuð mold, e.t.v. eldri uppgröftur.

Lag 4. Umrótuð mold. Líklega sama og nr. 3.

Lag 5. Torf í vegg.

Aldursgreining

Tekið var sýni úr viðarkolaögn sem sat föst í einni gjallköku sem fannst á smiðjusvæðinu. Fyrir milligöngu Smithsonian stofnunarinnar var sýnið aldursgreint árið 1991 með AMS-aðferð hjá Isotrace Laboratory við háskólann í Toronto (TO-2269).

Aldursgreiningin sýndi 490 ± 60 BP. Leiðréttar niðurstöður, sem fengnar eru með útreikningi forritsins C14CAL, sýna meðalaldurinn 1497 e. Kr. Miðað við 1 staðalfrávik eru 68,3% líkur til þess að sýnið sé frá bilinu 1403 – 1445. Miðað við 2 staðalfrávik eru 95,5 % líkur á því að sýnið sé innan tímabilsins 1385 – 1480.

Niðurstöður

Rannsóknin sýnir að sunnan við Kyndluhól hefur verið umtalsverð járnvinnsla, þó að ekki hafi reynst unnt að staðsetja smiðjuna með fullri vissu. Aldursgreining á viðarkoli úr lagi 7 bendir til þess að járnvinnslan sé a.m.k. frá 15. öld. Þykkt mannvistarlaga sýnir merki um langvarandi byggð á staðnum. Hugsanlega voru gamlir öskuhaugar þarna áður en smiðjan var sett þarna niður



Mynd 13. Horft ofan á hellur í skurði 1986:2 (filma GOL-912005).

Skálholt IV (Rannsókn 1986:4)

Markmið rannsóknarinnar var að fyrst og fremst að reyna að finna og staðsetja mörk gamla bæjarins til suðurs og traðinnar sem liggja til norðurs frá Vestur- og Austurtröðum. Rannsóknin stóð yfir með hléum frá 13. júní – 3. júlí. Guðmundur Ólafsson stjórnaði rannsókninni ásamt Kevin Smith, Ingimari Jóhannssyni og Þorkatli Grímsyni.

Vettvangsrannsókn 1986

Byrjað var á því að leita að Norðurtröðunum. Grafín voru 5 snið þar sem talið var að þeirra væri helst að vænta samkvæmt uppdrættinum frá 1874. Flest sniðin voru teiknuð í fleti og sniði í mælikvarða 1:50 (mynd 30).

Teikningar

T-1986:1

Flatarteikning og snið skurðar sem liggur frá norðri til suðurs.

Lag 1. Brún mold. Lagið er að jafnaði um 20 – 50 cm þykkt. Yfir tröðunum verður það þó allt að 80 cm þykkt. Á X211 – 212 er stór steinn sem líklega er hluti af þessu brúna lagi. Þetta efsta lag er líklega, að mestu leyti, ruðningur ofan af bæjarhólnum frá því að bæjarstaðið var sléttað og moldunum rutt fram af hólnum. Í lagiinu er sums staðar dálítið af viðarkolum og smáhlutum.

Lag 2. Ljósbrún mold, blönduð viðarkolum. Í lagiinu eru líka fundir og beinaleifar. Það virðist halda áfram sem lag 10, norðan við stóran stein (4) og vera yfir tröðunum, frá X209,25 – X217,5.

Lag 3. Torfhleðsla. Steinaröð í innbrún kemur ekki fram í sniði.

Lag 4. Stór steinn í steinaröð. Er e.t.v. frá moldarruðningi við túnasléttun.

Lag 5. Mannvistarlag, laust í sér. Efsti hluti lags 7. Syðst í lagiinu er dökk gjóska.

Lag 6. Grábrúnt mannvistarlag. Mjög óhreint, blandað viðarkolum, brenndum beinum,

óbrenndum beinum og fundum. Neðsti hluti lagsins er þéttastur og líklega yfirborð traðanna, sem enda í suðri við lag 3.

Lag 7. Þéttþakkað torflag, blandað beinum og viðarkolum.

Lag 8. Ljósbrún mold, laus í sér.

Lag 9. Móaska, rauðbleik að lit, blönduð viðarkolum og brenndum beinum.

Lag 10. Ljósbrún mold. Líklega sama lag og nr. 2.

Lag 11. Grábrúnt mannvistarlag. Líklega sama lag og nr. 6. Þrjár borkjarnar voru teknir niður úr þessu lagi. Í tveimur syðstu voru steinar rétt undir yfirborði. Í þriðja borkjarnanum tókst að komast rúnum 1 m neðar og greina fleiri mannvistarlög, en þá var jarðvegurinn orðinn svo þéttur að borinn komst ekki neðar. Þetta eru sennilega traðinnar sem lengstum hafa verið sunnan við bæjarhúsin.

Lag 12. Hellulögn, e.t.v. hlað fyrir framan bæinn. Traðinnar (lag 11) liggja upp að þessu lagi.

Lag 13. Stór steinn. E.t.v. ytri brún bæjarveggjar.

Lag 14. Torfmoldir.

Lag 15. Torflag, líklega sama lag og nr. 7. Lag 15 – 19 voru greind í borkjarna sem tekinn var niður úr lagi 11.

Lag 16. Viðarkolalag.

Lag 17. Ljósbrún mold.

Lag 18. Gráleit gjóska.

Lag 19. Ljósbrún mold.

Lag 20. Brún mold. Lag 20 og 21 eru greind úr borkjarna sem tekinn var niður úr lagi 14.

Lag 21. Dökkt mannvistarlag.

Lag 22. Grábrúnt mannvistarlag, e.t.v. gólfskán. Blandað viðarkolum og brenndum beinum.

Lag 23. Grábrúnt mannvistarlag, sennilega hluti af sama lagi og lag nr. 22.

Lag 24. Rauðbleik móaska, sennilega hluti af mannvistarlagi 22.

Lag 25. Torfmoldir.

- Lag 26. Ljóst torf.
- Lag 27. Viðarkolalag, e.t.v. gólfskán.
- Lag 28. Viðarleifar.
- Lag 29. Veggjarhleðsla úr torfi og grjóti.
- Lag 30. Torfhleðsla með innbrún úr grjóti.

Í sniðinu, var komið niður á hlaðna stétt sem virtist vera utan og sunnan við hús. Í sniðinu fundust nokkrir gripir sem eru líklega flestir frá 19. öld.

Að loknum uppgrefti var hreinsað vel frá steinum sem fram komu í skurðunum og þeir ljósmyndaðir úr 4 – 5 m hæð með litlum ljósmyndaturni.

T-1986:2

Flatarteikning af T-laga skurði þar sem flatar hellur komu í ljós á um 1 m dýpi.

T-1986:3

Flatar- og sniðteikning sem liggur frá X220/Y486 í vestri til austurs að X200/Y496,3. Sjá mynd 30.

- Lag 1. Brún mold, blönduð viðarkolaögnum.
- Lag 2. Brún mold án viðarkolaagna.
- Lag 3. Brún mold blönduð viðarkolum og brenndum beinum.
- Lag 4. Steinaröð í hleðslu, rétt undir yfirborði.
- Lag 5. Torfmoldir, ljósbrún og brún mold.
- Lag 6. Hleðsla?
- Lag 7. Torfmoldir, e.t.v. hrun í inngangi?
- Lag 8. Torfveggur með dökkri gjósku.
- Lag 9. Veggjahleðsla?
- Lag 10. Grábrúnt mannvistar- eða gólflag. 3,3 m breitt og allt að 50 cm þykkt, blandað viðarkolum og brenndum beinum.
- Lag 11. Steinhlaðin stétt, með allt að 75 cm breiðum steinhellum.
- Lag 12. Torfhleðsla, ljósbrún og brún mold. Neðarlega í laginu eru viðarkolaagnir.
- Lag 13. Steinhleðsla, e.t.v. undirstaða undir vegg.
- Lag 14. Ógrafið.

Hugsanlega er stéttin (lag nr. 11) hluti af Norðurtröðum eða Kirkjustétt eða bæjargöngum bæjarins frá 1836.

T-1986:4

Um 4 m langur skurður sem grafinn var í vestur – austur, niðri við traðirnar, við suðurhlið bæjarins, frá X210/Y488 – X210/Y492. Ekki fundust frekari upplýsingar um þennan skurð.



Mynd 14. Horft til austurs yfir skurð T-1984.3. Steinhlaðin stétt (lag nr. 11) í botni skurðarins (filma GOL-911805).

T-1986:5

Tveggja metra langur skurður sem grafinn var til suðurs, um 50 cm sunnan við T-1986:3, frá X218,5/Y494 – X216,5/Y494. Hleðslur í honum voru ekki teiknaðar, aðeins myndaðar. Þær eru líklega framhald veggjar nr.12 á teikningu T-1986:3.

Að lokinni rannsókn voru sniðskurðirnir fylltir aftur, nema á hlaðinu sunnan við bæinn og á tröðunum vestan við hann, þar sem hlaðnar voru torftröppur niður á stéttina svo að hægt væri að ganga niður á þær.

Þá var hnitakerfi bæjarhólsins lagt út að smiðju-svæðinu og leit haldið áfram að smiðjunni. Opnað var svæði austan og ofan við uppraftarsvæðið frá 1985. Alls staðar var komið niður á jarðlög svört af sóti, grjótdreifar og gjall en hvergi fundust hleðslur sem tengja mætti smiðjutóft.



Mynd 15. Horft til norðurs yfir innbrún á hleðslu í skurði T-1986:5. Steinar í gólfi eða stétt til til vinstri (filma GOL-911804).

Að rannsókn lokinni var smiðjusvæðið myndað úr 4 – 5 m hæð með litla ljósmyndaturninum og mokað aftur ofan í það.

Skálholt V (Rannsókn 1988:6)

Vettvangsrannsókn 1988

Rannsókn stóð yfir dagana 8. – 12. ágúst. Markmið hennar var að kanna mannvistarleifar og þykkt mannvistarlaga á vestasta hluta bæjarstæðisins, þar sem mörg útihús stóðu.

Grafið var snið yfir Kyndluhól og 5 snið á svæðinu norðaustan við hann.

Guðmundur Ólafsson, Jón Allansson og Þorkell Grímsson unnu við rannsóknina.

Teikningar

T-1988:1 Snið

Sniðið var grafið upp að vestanverðum grjóttgarði þar sem virtust eiga að vera hesthús nr. 54 samkvæmt teikningu frá 1874. Það er frá X234/Y431,5 til X234/Y433,5.

T-1988:2 Snið

Sniðskurður tekinn frá X270/Y432 til X270/Y434 þar sem vestasti hluti norðurtraða nr. 46 er sýndur á korti frá 1874.


T-1988:3 Snið yfir Kyndluhól

Lína var lögð yfir Kyndluhól, þar sem merkt er öskuhaugur nr 67 á teikningu frá 1874.

Línan nær frá X220/Y385 í vestri til X220/Y404 í austur og yfirborð jarðvegs mælt eftir línunni. Grafinn var 2,4 m langur, 0,5 m breiður og 1,3 m djúpur sniðskurður ofarlega á



Mynd 16. Horft yfir hluta af smiðjusvæðinu og svarta mannvistarlaginu sem þar var um allt (filma GOL-912022).



Mynd 17. Sniðteikning T-1988:3 yfir Kyndluhól.

hólnum til þess að kanna úr hverju hann væri gerður.

Í skurðinum kom í ljós að öll jarðlögin í sniðinu voru hreyfð og voru grafnir tveir 5 cm breiðir borkjarnar úr botni skurðarins til að kanna hversu þykk mannvistarlögin væru þarna.

Annar borkjarninn (1988.3.1) varð aðeins 15 cm djúpur. Þá varð fyrir steinn í holunni og varð þar ekki komist lengra niður. Annar borkjarni (1988.3.2) var því grafinn 10 cm austar og var þar engin fyrirstaða. Borkjarninn náði tvo metra niður úr botni skurðarins svo að alls fékkst yfirlit yfir samsetningu hólans niður um 3,3 m dýpi. Á sniðteikningu eru lög borkjarnanna sýnd mun breiðari en þau eru í raun, til skýringar.

Sniðið er teiknað í mælikvarða 1:50.

- Lag 1. Brún mold.
- Lag 2. Hreyfð mold, blönduð viðarkolum
- Lag 3. Grábrún gjóska.
- Lag 4. Torfmoldir með grárrí gjósku.
- Lag 5. Járnútfelling.
- Lag 6. Grábrúnt mannvistarlag, með gjóskublettum.
- Lag 7. Dökk gjóska.
- Lag 8. Viðarkolaagnir.
- Lag 9. Grábrúnt mannvistarlag.
- Lag 10. Grágrænt mannvistarlag, blandað viðarkolum.
- Lag 11. Dökkgrátt mannvistarlag, blandað viðarkolum.
- Lag 12. Grágrænt mannvistarlag, án viðarkola.
- Lag 13. Viðarkol.
- Lag 14. Grágrænt mannvistarlag, án viðarkola. Neðst í laginu er leirkersbrot.


Mynd 18. Flatarteikning og snið T-1988:4


Lag 15. Mannvistarlag, blandað viðarkolum. Í því miðju eru viðarleifar.

T-1988:4 Flatarteikning og snið

Sniðið var tekið um 2 m vestan við snið T-1988:5. Skurðurinn var 2,5 m langur og 0,8 m breiður. Grafið var niður á 1,25 m dýpi. Fáeinir steinar fundust á dreif í skurðinum, á 5 – 60 cm dýpi. Þeir mynduðu enga heild saman. Norðurbakki sniðskurðar og flatarteikning voru teiknuð í mælikvarða 1:50.

- Lag 1. Brún mold. Jarðvegsþykkun.
- Lag 2. Torfmoldir.
- Lag 3. Mannvistarlag.
- Lag 4. Hreyft brúnt lag, blandað torfusneplum.





Mynd 19. Sniðteikning af T-1988:5.

- Lag 5. Torf og torfmoldir.
- Lag 6. Mannvistarlag, blandað mold.
- Lag 7. Mannvistarlag.
- Lag 8. Mannvistarlag.
- Lag 9. Viðarkol og gjall.
- Lag 10. Grár, sandblendinn leir.
- Lag 11. Ógrafið.

Undir um 30 cm þykku jarðvegsþykkunarlagi skiptast á misþétt, mannvistarlög og torfmoldir sem eru 70 cm þykk. Þéttu mannvistarleifarnar eru e.t.v. gólfskánir eða útmokstur úr húsum. Á rúmlega 1 m dýpi er allt að 10 cm þykkt viðarkola- og gjall lag. Neðst í skurðinum er komið niður á gráa leirlagið sem er mjög þykkt á þessu svæði.


T-1988:5 Snið

Sniðið er teiknað frá vestri til austurs við X248/Y420 – X248/Y433, frá svonefndum Hlaðgarði, sem er nr. 28 á mynd frá 1874, yfir að hleðslu sem gæti verið framhlið að Nauthúsi nr. 57 eða ónúmeruðu húsi sem er sýnt við hlið þess. Þar austast var 0,7 m há grjóthleðsla. Yfirborð sniðsins er 16 m langt en aðeins var grafinn 5 m langur skurður við svonefndan Hlaðgarð, til þess að kanna þykkt mannvistarlaga. Vestast í sniðinu var tekinn 5 sm breiður borkjarni. Þar voru óslitin mannvistarlög niður á 3 m dýpi.

- Lag 1. Brún mold.
- Lag 2. Torfusneplar, leifar af hleðslu.
- Lag 3. Steinn í hleðslu.
- Lag 4. Grár leirkenndur jarðvegur, blandaður brúnni mold.
- Lag 5. Torfusneplar, e.t.v. leifar af hleðslu sem jöfnuð hefur verið út.
- Lag 6. Viðarkolalag.

- Lag 7. Grár leirkenndur jarðvegur. Sams konar lag og nr. 5. Neðarlega til vinstri í þessu lagi eru torfusneplar sem í er landnámsgjóska.
- Lag 8. Mannvistarlag með viðarkolaögnum í efri hluta. Neðarlega í laginu til vinstri er Landnámsgjóska á um 1 m löngum kafla.
- Lag 9. Mannvistarlag sem liggur upp undir stein í hleðslu nr. 3.
- Lag 10. Ljósbrún óhreyfð mold. Forsöguleg.
- Lag 11. Grátt gjóskulag. Forsögulegt.
- Lag 12. Dökkt gjóskulag. Forsögulegt.
- Lag 13. Dökkt gjóskulag. Forsögulegt.
- Lag 14. Óhreyfður jarðvegur. Forsögulegur.
- Lag 15. Ógrafið svæði.
- Lag 16. Brún mold. Sama og lag 1. Lög 16 – 23 voru greind í borkjarna vestast í sniðinu.
- Lag 17. Grár leirkenndur jarðvegur. E.t.v. sama lag og nr. 4.
- Lag 18. Torfusneplar.
- Lag 19. Grár leirkenndur jarðvegur.
- Lag 20. Viðarkolalag. Etv. sama og lag 6.
- Lag 21. Grár leirkenndur jarðvegur. Efri hlutinn er blandaður moldarröndum.
- Lag 22. Viðarkolaagnir.
- Lag 23. Grár leir. Blandaður moldarröndum.

Í sniðinu sést að þar sem Hlaðgarður er talinn hafa verið eru leifar af torfhleðslu með framhlið úr grjóti. Undir henni er þykkt leirkennt lag sem er líklega aðflutt og hugsanlega leifar af hleðslu. Í þessu leirlagi eru nokkur þynnri lög (5 og 6) með torfusneplum og viðarkolum, sem ásamt neðsta mannvistarlaginu (lag 11) sýnir að þetta eru lög sem eru yngri en landnám. Um 30 cm þykkur óhreyfður jarðvegur er þar yfir forsögulegum gjóskulögum sem vantar í austari hluta sniðsins. Lag 11 virðist vera mannvistarlag frá landnámsöld. Vestast í þessu lagi miðju er landnámsgjóska og nær óslitin á um 1 m löngum kafla. Ef hún hefur fallið þar á náttúrulegan hátt,



Mynd 20. Flatarteikning og snið T-1988:6

hefur byggðin, sem mannvistarlagið tilheyrir, hafist fyrir 870.

Vestast í skurðinum er jarðvegsþykktin aðeins 0,45 m niður á óhreyft. Þar er um 5 cm þykkt mannvistarlag neðst og brún hreyfð mold þar ofan á. Undir mannvistarlaginu vantar óhreyfðan jarðveg og forsöguleg gjóskulög og virðast traðirnar hafa verið grafnar niður á þessu svæði. Gjóskulögin voru ekki efnagreind.

Einnig sést að um tveim metrum vestan við hlaðgarðinn eykst hallinn verulega til vesturs og virðist þar hafa verið upprunaleg brekkubrún, því að í borkjarnanum við enda sniðsins er ekki komið niður á óhreyft á 3 m dýpi.

Snið og flatarteikning T-1988:6

Könnunarskurðurinn var grafinn í eða við Vesturtraðir norðan við Hlaðgarð frá X198/Y470 – X205/Y470.

- Lag 1. Brún mold.
- Lag 2. Steinaröð.
- Lag 3. Steinaröð.
- Lag 4. Hreyfð mold og torfusneplar.
- Lag 5. Mold og mannvistarleifar.
- Lag 6. Brún mold.
- Lag 7. Steinaröð.
- Lag 8. Steinaröð.
- Lag 9. Torfveggur úr streng.
- Lag 10. Torf hleðsluleifar, viðarkolaagnir efst í laginu.
- Lag 11. Viðarkol.

Lag 12. Mannvistarlag.

Lag 13. Ógrafið.

T-1986:7

Sniðskurður var tekinn á svæðinu austan við Kyndluhól.

Fundur

Við rannsóknirnar fundust allmargir gripir. Flestir voru afar hversdagslegir, svo sem krítarpípubrot, naglar, glerbrot og fleira þess háttar. Markverðast má telja verulegt magn af gjalli og gjallkökum úr járnvinnslu og 12 skildinga pening frá 1711.

Niðurstöður

Ofangreindar rannsóknir leiddu í ljós ýmsar nýjar upplýsingar um minjar á gamla bæjarstæði Skálholts, og þó ófullkomnar séu og brotakenndar, má draga af þeim býsna margar og mikilvægar ályktanir. M.a. að:

- Í Skálholti er eitt stærsta bæjarstæði á Íslandi, allt að 200 m langt og allt að 70 m breitt.
- Þó að sléttuð hafi verið yfir bæjarstæðið hefur eyðileggingin aðallega náð til minja frá 18. og 19. öld. Eldri minjar eru víðast enn til staðar undir yfirborði.

- Hvar sem grafinn var skurður var komið niður á hleðslur eða mannvistarlæg.
- Uppdrátturinn af Skálholtsstað frá 1784 er furðu nákvæmur í öllum megindráttum, þó að stefna bæjarhúsanna virðist ekki alveg jafn reglustiku rétt og á teikningunni.
- Með samanburði á þekktum 18. aldar-teikningum af bænum, staðháttum og fornleifarannsóknnum ætti að vera hægt að staðsetja nafngreind mannvirki sem sjást á uppdráttum frá 18. öld af mikilli nákvæmni.
- Þykkt mannvistarlag og stærð bæjarstæðisins bendir til þess að eldri minjar séu enn til staðar undir yfirborði.
- Rannsóknir á eldri minjum geta veitt áður alveg óþekktar upplýsingar um þróun Skálholtsstaðar.
- Bæjargöngin ofan hólinn til suðurs, virðast enn vera til undir yfirborði.
- Herbergi beggja vegna bæjarganganna virðast enn vera til staðar undir yfirborði.
- Upprunalegar traðir frá bæjarhólunum til vesturs niður að Kyndluhól virðast hafa verið nokkru sunnar en þær breiðu traðir sem nú eru mest áberandi.
- Breiðu traðirnar eru líklega ekki til orðnar fyrr en um 1900.
- Skálholtsbærinn frá 1836 sem teiknaður var upp af Victor Lottin, og talinn var hafa staðið efst í brekkunni við bílastæðið framan við kirkjuna, virðist hafa staðið niðri við traðirnar og aftari hluti hans líklega verið settur ofan í skemmu og langabúr.
- Mannvistarlæg við traðirnar sunnan við bæinn eru allt að 2 m þykk.
- Kyndluhóll virðist að mestu hafa myndast úr blönduðum mannvistarlægum og mold. Torf-

moldir sem fundust í hólunum eru merki um að þar hafi einnig staðið mannvirki úr torfi. Þar undir geta hafa staðið öskuhaugar Skálholts til forna.

- Á stóru svæði umhverfis Kyndluhól var grábrúnt mannvistarlag sem bendir til þess að þar hafi upphaflega verið öskuhaugar Skálholts.
- Sunnan við Kyndluhól er allstórt svæði, svart af sóti og viðarkolaösku.
- Þar virðist hafa verið stunduð járnvinnsla og járngerð, a.m.k. frá 15. öld.
- Staðsetning útihúsa á vesturhluta bæjarstæðis virðist vera nokkuð örugg.

Lokaniðurstaða ofangreindra könnunarrannsókna er sú að vel skipulagðar, þverfaglegar fornleifarannsóknir á bæjarstæðinu muni geta skilað umtalsverðri nýrri þekkingu um þróun og daglegt líf á Skálholtsstað fyrri alda.


Heimildir

- Kristján Eldjárn, Hákon Christie, Jón Steffensen 1988. *Skálholt. Fornleifarannsóknir 1954 – 1958*. Reykjavík.
- Kristján Eldjárn 1975 Undirgangurinn í Skálholti. *Afmælisrit Björns Sigfússonar*. Bls. 168 – 188. Bls. 168 – 189.
- Frank Ponzi 1980. *Ísland á 18. öld*. Myndir úr leiðöngurum Banks og Stanleys. Almenna Bókafélagið. Reykjavík.
- Árni Björnsson og Ásgeir S. Björnsson 1986. *Íslandsmyndir Mayers 1836*. Úr „*Voyage en Islande et au Groenland*“ eftir Paul Gaimard. Örn og Örlygur.

communiqué par

LÉGENDE.

- | | | |
|-----|--------------------------|--|
| 1. | Skrúðhúsið. | <i>Sacristie</i> |
| 2. | Körinn. | <i>Chœur</i> |
| 3. | Kirkjan Framkirkjan. | <i>Nef</i> |
| 4. | Eglise Nordurstúkan. | <i>Tribune du nord</i> |
| 5. | Sudurstúkan. | <i>Tribune du sud</i> |
| 6. | Klukkna-portið. | <i>Clocher</i> |
| 7. | Thorlákshúsið. | <i>Maison de Thorlakur</i> |
| 8. | Kyrkjungarður. | <i>Cimetière</i> |
| 9. | Undirgöngur. | <i>Passage souterrain</i> |
| 10. | Skólinn. | <i>École</i> |
| 11. | Skóla-skáli. | <i>Portoir des élèves</i> |
| 12. | CONNECTORIS húsið. | <i>Maison du Sous-Recteur</i> |
| 13. | Gaungur. | <i>Corridor</i> |
| 14. | Skólans sjúkrahúsið. | <i>Infirmerie de l'école</i> |
| 15. | Sýrklefi. | <i>Magasin du cyra</i> |
| 16. | Geymsluhúsið skémmur. | <i>Magasin pour diverses provisions</i> |
| 17. | Nordurdrö. | <i>Porte du nord</i> |
| 18. | Kalldrö. | <i>Porte des hommes (6^{de} Porte)</i> |
| 19. | Skólans bordstofa. | <i>Refectoire des élèves</i> |
| 20. | Sniðbúð. | <i>Magasin du beurre</i> |
| 21. | Kjötklefi-kjöta skémmur. | <i>Magasin de la viande</i> |
| 22. | Kálgarður. | <i>Jardin potager</i> |
| 23. | Skólathjónustuhúsið. | <i>Maison des servantes de l'école</i> |
| 24. | Britakammer. | <i>Maison de l'agent chargé des vivres</i> |
| 25. | Spunabúsið. | <i>Maison des fileuses</i> |
| 26. | Garns og ullar húsið. | <i>Magasin du fil et de la laine</i> |
| 27. | Vefarabúsið. | <i>Maison du tissage</i> |
| 28. | Hladgarður. | <i>Mur d'enceinte</i> |
| 29. | Búr. | <i>Office</i> |
| 30. | Eldhúsið. | <i>Cuisine</i> |
| 31. | Sudurkammer. | <i>Chambre du sud</i> |
| 32. | Prestakammer. | <i>Chambre du ministre</i> |
| 33. | Malarakammer. | <i>Chambre du menuisier</i> |
| 34. | Nordurkammer. | <i>Chambre du nord</i> |
| 35. | Bókakammer. | <i>Bibliothèque</i> |
| 36. | Daglegisvæðakammer. | <i>Salle de travail</i> |




PLAN

SKÁLHOLT EN 1784

PAR M^r V. LOTTIN


d'après un manuscrit

de M^{rs} Steingrímur, Frésson, Esq^{ue} et Blönd



- 57. Instakamers,
- 58. Mulkamers,
- 59. Fremstakamers,
- 40. Fremstastofa,
- 41. Stórstofa,
- 42. Biskupskamers,
- 43. Latla edur bókakamers,
- 44. Kyrkju stótt,
- 45. Sögunarhlid,
- 46. Norður tradir,
- 47. Trada gardur,
- 48. *RECTORIS* eldhús,
- 49. Smidja,
- 50. Vinnumanna skemmi,
- 51. Skemmi Finars brita,
- 52. Málhús,
- 53. Heygardur,
- 54. Hesthús,
- 55. Fjós,
- 56. Hlada,
- 57. Nauthús,
- 58. Hjallur,
- 59. Gamalt prentihús,
- 60. Skreida skemmi,
- 61. Sodbúr,
- 62. Reidinga skemmi,
- 63. Lambhús,
- 64. Kindluteigs hesthús,
- 65. Vatnsþvella,
- 66. Thorláks brunmur,
- 67. Okulaugur,
- 68. Varda brunmur,
- 69. Fjósa Kelda,
- 70. Smidju hekur,
- 71. Kindluteigur,
- 72. Skudur til vatns afleidsl,
- 73. Thócurreitir.

ECHELLES.






Sej

Klæfur

Þiög

Þiög



Þvada = Skieimur

Björstufa




Þiökups Björstufa

Biskups ísmu Stofur þombur
Rómss dyr




Öld. Bus



Sauðarlett.



handatarfs
Skóli



V/S
E/G

Söðubú
Vinnuáskóla
Reiðingaskiema
Skreiðaskiema







Smíðia




Reiðaskiema

Þrepp
Siun





Mynd 23. Kort af Skálholti 1836, eftir Lottin.



X300
Y400


X300
Y450

X250
Y400

X250
Y450


X200
Y400

X200
Y450



X300
Y500

X300
Y550




Mynd 24. Yfirlitsupdráttur af bæjarstæði og könnunarskurðum 1983 – 1988. Mælikvarði 1:50.

X300
Y400

X300
Y450


X250
Y400

X250
Y450



X300
Y500

X300
Y550



Skálholt
Bæjarstæði -yfirlitskort
T-1986 og 1988
Teikn. G. Ó.
1:500


Mynd 25. Yfirlitsuppdráttur af bæjarstæði og könnunarskurðum 1983 – 1988. Mælikvarði 1:50.
Bætt hefur verið inn á uppdráttinn líklegri staðsetningu bæjarins frá 1784.

X300
Y400

X300
Y450


X250
Y400

X250
Y450





X300
Y500


X300
Y550






Skálholt
Bæjarstæði -yfirlitskort
T-1986 og 1988
Teikn. G. Ó.
1:500


Mynd 26. Yfirlitsuppráttur af bæjarstæði og könnunarskurðum 1983 – 1988. Mælikvarði 1:500. Bætt hefur verið inn á uppráttinn líklegri staðsetningu bæjarins frá 1836.







Mynd 27. Flatar- og sniðteikning T-1983:1-2.







Mynd 28. Flatar- og sniðteikning yfir smiðu T-1985:2-7. Gjalldómar eru auðkenndir með stjörnu.






Mynd 29. Sniðteikning T-1985:8.




Skálholt
Flatarteikning og snið
T-1986:3
Teikn. G.Ó.

X210/Y490



T-1986:5


Skálholt
Flatarteikning
T-1986:2
Teikn. G.Ó.



Skálholt
Flatarteikning
T-1984:3
Teikn. G.Ó.

X220/Y500

X210/Y500



Mynd 30. Flatar- og sniðteikning af T-1986:1, 2, 3 og 5.

Skálholt
Flatarteikning og snið
T-1986:1
Teikn. G. Ó.

Rannsóknaskýrslur 2002

1 Skálholt.

Rannsóknir á bæjarstæði 1983 – 1988.

Guðmundur Ólafsson



ÞJÓÐMINJASAFN
ÍSLANDS